

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um aðgerðir til að tryggja heilindi kosninga.

1. *Hyggst ráðherra bregðast við þeim álitaeftum sem komu upp í kjölfar kosninga til Alþingis 25. september 2021 varðandi framkvæmd kosninga og talningu í Norðvesturkjördæmi? Ef svo er, hvernig?*

Rétt er að benda á að kosningar til Alþingis sem fram fóru 25. september 2021 fóru fram samkvæmt þágildandi lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Ný kosningalög tóku gildi 1. janúar 2022. Við sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru vorið 2022, á grundvelli hinna nýju kosningalaga, komu í ljós ýmsir annmarkar á löggjöfni sem brýnt var að ráða bót á. Dómsmálaráðherra lagði því í mars 2023 fram frumvarp til breytinga á kosningalögum. Var í frumvarpinu brugðist við ýmsum vanköntum sem fram höfðu komið á löggjöfni við sveitarstjórnarkosningarnar 2022. Jafnframt var við vinnslu breytinganna litið til greinargerðar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa, frá 23. nóvember 2021, vegna alþingiskosninganna 25. september 2021. Í frumvarpinu var því m.a. að finna tillögur um endurtalningu atkvæða og lagt til að tekin yrði upp svokölluð næmisgreining þegar ljóst væri að niðurstaða kosninga ylti á fáum atkvæðum. Með þessum breytingartillögum var brugðist við ábendingum sem fram komu í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa vegna alþingiskosninga 2021.

Við meðferð frumvarpsins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd taldi nefndin að tillaga frumvarpsins um næmisgreiningu þyrfti frekari skoðunar við þar sem mikilvægt væri að næmisgreining væri vel framkvæmanleg og öllum skiljanleg. Benti nefndin á að í gildi væri reglugerð nr. 431/2022, um talningu atkvæða, en að sú reglugerð hefði ekki verið í gildi við alþingiskosningarnar árið 2021. Þá væri unnið að endurskoðun reglugerðarinnar þar sem til skoðunar væri hvort unnt væri að setja styrkari ramma um þá ferla sem viðhafa skal við talningu atkvæða. Þá lagði nefndin til að ráðherra skipaði starfshóp til að vinna að nánari útfærslu á næmisgreiningu. Frumvarpið, með þeim breytingum sem Alþingi gerði á því, varð að lögum nr. 62/2023 sem tóku gildi 8. júlí 2023. Framangreind reglugerð um talningu atkvæða hefur verið til endurskoðunar og er sú endurskoðun langt komin. Þegar endanleg drög að endurskoðaðri reglugerð liggja fyrir mun dómsmálaráðuneytið setja reglugerðardrögin til umsagnar í samráðsgátt og kalla eftir athugasemdum. Ekki er tímabært að setja á fót starfshóp til útfærslu á næmisgreiningu fyrir en fyrir liggur hvaða ákvæði unnt er að setja í reglugerð sem styrkja góða framkvæmd við talningu atkvæða.

2. *Telur ráðherra að kosningalög, nr. 112/2021, tryggi nægilega vandaða meðferð við framkvæmd og talningu í kosningum í ljósi þess sem átti sér stað í Norðvesturkjördæmi haustið 2021?*

Vísað er til svars við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. *Telur ráðherra að endurskoða þurfi þá verkferla lögreglu og ákærvalds sem snúa að rannsókn mögulegra brota á kosningalögum, nr. 112/2021?*

Ekki verður, að mati ráðherra, séð að nauðsyn sé á slíkri endurskoðun.

4. *Telur ráðherra tilefni til að endurskoða reglur um ábyrgð yfirkjörstjórnar eða annarra embættismanna sem sjá um framkvæmd kosninga á mögulegum brotum á kosningalögum, nr. 112/2021?*

Ekki verður séð að þörf sé á slíkri endurskoðun.

5. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja réttindi umboðsmanna til að vera viðstaddir talningu atkvæða, skv. 58. gr. kosningalaga, nr. 112/2021, í komandi kosningum í ljósi þess misbrests sem þar varð á við talningu í Norðvesturkjördæmi haustið 2021?*

Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á kosningalögunum var að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um umboðsmenn, þ.m.t. um réttindi þeirra og skyldur við talningu. Þá var einnig gerð breyting á 100. gr. laganna og kveðið á um að yfirkjörstjórnir skuli boða umboðsmenn til að vera viðstaddir talningu atkvæða og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri. Unnið er að reglugerð um umboðsmenn. Þegar drög hennar liggja fyrir verður hún sett í samráðsgátt og öllum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

6. *Hvaða skýringar hefur ráðherra á aðgerðaleyfi ákærvaldsins vegna kæra á grundvelli 124. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sem er sambærilegt ákvæði og a-liður 1. mgr. 136. gr. kosningalaga, nr. 112/2021, í ljósi þeirrar atburðarásar sem átti sér stað og leiddi til þess að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hafði réttarstöðu sakbornings?*

Ráðuneytið bendir á að dómsmálaráðherra fer ekki með ákærvald og endurskoðar ekki ákvarðanir ákærvaldsins heldur eru þau verkefni í höndum þar til bærra stjórnvalda á grunni málsmeðferðarreglna laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Rétt er þó að taka fram að ekki verður séð í hverju það aðgerðaleyfi sem fyrirspurnin vísar til hafi falist.